

Fundur haldinn í fræðslunefnd Blönduóssbæjar mánudaginn 4. maí 2011 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Auðunn Steinn Sigurðsson setur fundinn.

#### **Dagskrá:**

1. Kl. 17:00 Leikskólinn Barnabær – Jóhanna G. Jónasdóttir leikskólastjóri mætir.
2. Önnur mál.
3. Kl. 18:00 Blönduskóli - Þórhalla Guðbjartsdóttir skólastjóri mætir.
4. Skólaakstur í FNV.
5. Önnur mál.

#### **Afgreiðslur:**

##### **1. og 2. Leikskólinn Barnabær og önnur mál.**

Jóhanna leikskólastjóri fór yfir stöðu mála í leikskólanum. Mikill fjöldi umsókna, gera má ráð fyrir 73. börnum í leikskólanum næsta skólaár. Miðað er við að leikrymi leikskólans sé fyrir ca. 68. börn eftir stækkun leikskólans fyrir nokkrum árum. Miðað við áætlaða fjölgun má gera ráð fyrir því að fjölga þurfi starfsmönnum um 2. miðað við það sem rætt var í vetur í samræmi við kröfu um niðurskurð, með t.d. fækkun stöðugilda.

Fjölgun barna í leikskólanum er mjög jákvæð en ljóst er að áætluð fjárframlög bæjarins duga ekki þar sem einnig þarf að auka við ýmsan búnað í leikskólanum, t.d. fatahólf, húsgögn ofl. Fullur vilji er hjá starfsfólki til að stokka upp innra starf skólans og finna leiðir til að taka á móti öllum þeim börnum sem sótt hafa um.

Starfsmannamál, þar eru ýmsar breytingar í vændum en ekki er ljóst á þessari stundu hversu mörg stöðugildi þarf að auglýsa. Farið verður betur yfir þau mál á næsta fundi.

Meðal annara mála var rætt um nauðsyn þess að byggja barnavagnaskýli og að áríðandi væri að fara sem fyrst í að skoða bílastæðamál við leikskólann. Barnavagnar teppa fatarými og gera allt aðgengi erfitt og mikil slysaætta skapast vegna þrengsla á bílastæði. Mikil umræða um mögulegar lausnir og margar góðar hugmyndir sem komu fram.

##### **3. Blönduskóli.**

Þórhalla skólastjóri byrjaði á því að fara yfir drög að skóladagatali fyrir árin 2011-2012, sem er með svipuðu sniði og áður. Fræðslunefnd leggur til að framlögð drög að skóladagatali fyrir árin 2011-2012 verði samþykkt.

Þórhalla lagði fram til kynningar bréf sem gert er ráð fyrir að verði sent heim með öllum nemendum skólans, þar sem farið er yfir stöðuna í þeim málum hér á staðnum. Almenn umræða um skólafæði og rætt hvort það þurfi að endurskoða núverandi fyrirkomulag.

##### **4. Skólaakstur í FNV.**

Með fundarboði fengu nefndarmenn afrit af bréfi frá sveitarstjórn Skagastrandar þar sem óskað er eftir umfjöllun Blönduóssbæjar um skólaakstur í Fjölbautaskóla Norðurlands Vestra. Fræðslunefnd leggur til að þessi hugmynd verði skoðuð frekar og hvort fleiri möguleikar séu í stöðunni, sem gerir ungu fólki mögulegt að búa lengur í foreldrahúsum, en stunda samt framhaldsskóla nám.

##### **5. Önnur mál.**

Engin önnur mál á dagskrá.

Fundargerðin upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19.45

Auðunn Steinn Sigurðsson

Anna Kr. Davíðsdóttir

Heiðrún Bjarkadóttir

Hilmar Þór Hilmarsson

Árný Þóra Árnadóttir

Jóhanna G. Jónasdóttir

Harpa Hermannsdóttir

Þórhalla Guðbjartsdóttir

Hafdís Vilhjálmisdóttir